

Nd.

356. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 3, 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu i Ed.

1. gr.

Holdsveikir menn, sem líkpráir eru (með »lepra tuberosa« eða »lepra mixta«) skulu allir settir í holdsveikraspítalann, svo fljótt sem rúm leyfir.

Holdsveikir menn, sem limafallssjúkir eru (með »lepra anæsthetica«) skulu og settir í holdsveikraspítalann, þegar héraðslæknir telur nauðsyn á því vegna sára eða annars lasleika.

Sveitarómögum holdsveikum utan spítala skal komið fyrir á þann hátt, að sem fylst trygging sé fyrir því, að farið verði eftir fyrir mælum 4. gr. laga nr. 3, 4. febr. 1898.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

2. gr.

Kostnað allan við veru holdsveikra í holdsveikraspítalanum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra í spítalann.

3. gr.

Með lögum þessum eru feldar úr gildi 7., 8. og 10. gr. laga nr. 3, 4. febr. 1898.